

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Þingeyjarsveitar nr. 975/2022.

1. gr.

Á eftir 26. gr. samþykktarinnar bætist við V. kafla, með fyrirsögn, ásamt sjö nýjum greinum 27.-33. gr., og breytast önnur kaflanúmer og greinar samkvæmt því.

V. KAFLI Byggðarráð.

27. gr.

Kosning byggðarráðs.

Sveitarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá aðalmenn og jafnmarga varamenn í byggðarráð. Skulu þeir kjörnir til eins árs í senn. Aðalmenn í sveitarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í byggðarráði, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjórn kys formann og varaformann byggðarráðs úr hópi kjörinna byggðarráðsmanna.

Kosning í byggðarráð skal vera leynileg og bundin hlutfallskosning sé þess óskað.

28. gr.

Fundartími byggðarráðs.

Byggðarráð heldur reglulega fundi tvisvar í hverjum mánuði í samræmi við fundaaætlun sem byggðarráð samþykkir í upphafi hvers kjörtímabils og endurskoðast þegar ástæða þykir til.

Aukafundi skal halda ef sveitarstjóri, formaður byggðarráðs eða a.m.k. tveir byggðarráðsmenn óska þess.

29. gr.

Boðun funda byggðarráðs

Sveitarstjóri undirbýr byggðarráðsfundi í samráði við formann byggðarráðs.

Sveitarstjóri sér um að byggðarráð sé boðað til fundar með skriflegu eða rafrænu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

Geti byggðarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna sveitarstjóra um forföll og óska eftir því að varamaður verði boðaður.

30. gr.

Stjórnun byggðarráðs

Formaður byggðarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar byggðarráðsins.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í byggðarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver byggðarráðsmanna óskar þess.

31. gr.

Áheyrnarfulltrúar í byggðarráði

Flokkur eða framboðsaðili sem fulltrúa á í sveitarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn byggðarráðsmann á rétt á að tilnefna fulltrúa til setu í byggðarráði með málfrelsi og tillögurétt. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi í byggðarráði skulu uppfylla kjörgengisreglur 36. gr. sveitarstjórnarlaga.

32. gr.

Verkefni byggðarráðs

Byggðarráð fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn sveitarfélagsins að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin.

Byggðarráð hefur eftirlit með stjórnarsýslu sveitarfélagsins og fjármálastjórn þess, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur þau fyrir sveitarstjórn.

Þá sér byggðarráð um að ársreikningar sveitarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt og lagðir fyrir sveitarstjórn til meðferðar og afgreiðslu.

Byggðarráð hefur einnig með höndum jafnréttismál á grundvelli laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, sem og byggðamál sveitarfélagsins.

33. gr.

Heimild byggðarráðs til fullnaðarákvörðunar.

Byggðarráð gerir tillögur til sveitarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Sveitarstjórn getur falið byggðarráði fullnaðarafgreiðslu einstakra mála. Vald til fullnaðarafgreiðslu máls getur aldrei falið í sér vald til töku ákvörðunar sem gengur gegn fjárhagsáætlun eða öðrum almennum og bindandi reglum eða áætlunum sem sveitarstjórn hefur sett.

Fullnaðarákvarðanir sem teknar hafa verið sæta ekki eiginlegu málskoti innan stjórnáætlun sveitarfélagsins, heldur getur aðili máls átt rétt á endurupptöku ákvörðunar, sbr. 24. gr. stjórnáætlunarlaga nr. 37/1993.

Ef óskað er endurupptöku máls sem byggðarráð hefur afgreitt skal leggja það fyrir sveitarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

Byggðarráð tekur fullnaðarákvörðun um mál sem ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans og hefur sömu heimildir og sveitarstjórn meðan sveitarstjórn er í sumarleyfi, enda sé eigi ágreiningur innan ráðsins eða við sveitarstjóra um ákvörðunina og ef lög eða eðli máls mæla ekki gegn því.

Verði ágreiningur um ákvörðun í byggðarráði telst málið ekki til lykta leitt fyrir en það hefur hlotið staðfestingu á næsta reglulega fundi sveitarstjórnar.

2. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Þingeyjarsveit hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 5. júlí 2023.

F. h. r.

Guðni Geir Einarsson.

Hafdís Gísladóttir.